

AÐLÖGUN ERLENDRA ÍBÚA

Í Rangárpíngi eystra, Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og
Sveitarfélaginu Hornafirði

Mateusz Borkowski & Vala Hauksdóttir
2021



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



Efnisyfirlit

Um verkefnið	3
Inngangur.....	4
Fræðilegur grunnur	5
Norraen vísitala lýðfræðilegra veikleika	5
Íbúakönnun landshlutanna	5
Byggðafesta og búferlaflutningar	6
Hagtölur um atvinnulíf á Suðurlandi, með áherslu á ferðaþjónustu	6
Mat nýrra innflytjenda á lífi sínu í Kanada (e. New immigrants' assessment of their life in Canada) .	6
Aðferðir.....	7
Rannsóknarsvæði.....	7
Rannsóknaraðferðir.....	7
Vefkönnun	7
Viðtöl í eigin persónu.....	8
Niðurstöður	9
Eiginleikar rannsóknarsvæðisins	9
Landfræði.....	9
Lýðfræði.....	9
Atvinnulíf.....	11
Lýðfræðilegir veikleikar.....	12
Niðurstöður vefkönnunar	13
Búsetusvæði	13
Álit á búsetu innan sveitarfélags.....	13
Samþætting og samfélagsþátttaka.....	14
Samskipti og upplýsingaflæði.....	15
Menntun og atvinna.....	17
Ferlar og réttindi.....	18
Staða og mikilvægi búsetupátta	19
Niðurstöður viðtala	23
Umræður.....	25
Samanburður við niðurstöður Íbúakönnunar landshlutanna 2020.....	25
Framboð á íbúðarhúsnæði til leigu	25

Framboð á íbúðarhúsnæði til sölu	26
Afbreytingarmöguleikar	26
Vöruúrval og þjónustuúrval	26
Fjölbreytni atvinnulífs	28
Framfærslukostnaður	30
Möguleikar á eigin atvinnurekstri	30
Skipulagsmál	30
Tillögur til sveitarfélaga	32
Almennar umbætur	32
Atvinna	32
Fjölskyldur og samfélag	33
Upplýsingar og samskipti	34
Fyrirmyndarvefsíða sveitarfélags	35
Samantekt	37
Heimildir	38

Um verkefnið

Skýrsla þessi er hluti af verkefninu “Aðgerðaráætlun um sjálfbæra lýðfræðilega þróun miðsvæðisins”. Aðdragandi verkefnisins er greiningarvinna á vegum SASS sem gaf til kynna ákveðna þróun sem átt hefur sér stað á rannsóknarsvæðinu og er í takt við erlendar rannsóknir um tengsl vaxtar í ferðaþjónustu og áhrifa á íbúaþróun. Helstuþættir í þróun á svæðinu eru mikil fjölgun erlendra íbúa á aldursbilinu 20 til 29 ára ásamt aukinni íbúaveltu. Hlutfall erlendra íbúa á rannsóknarsvæðinu telur nú um 30%. Samsetning íbúa sveitarfélaganna hefur breyst til muna á skömmum tíma, hvort sem litið er til meðalaldurs, hlutfall barna, ríkisfangs eða hlutfall fjölskylduforma.

Mikilvægasta áskorunin er að erlendrir ríkisborgarar setjast síður að á svæðinu og skýrir að mestu aukna íbúaveltu. Vaknaði þá spurningin um sjálfbærni íbúaþróunar á svæðinu. Fyrsti áfangi verkefnisins fólst í nánari greiningu á þessari þróun. Sú vinna skilaði af sér hönnun og uppsetningu á gagnatorgi yfir íbúaþróun á Íslandi, sem tók sérstaklega til þeirra þátta sem skoðaðir voru í greiningu SASS. Gagnatorgið er nú hýst á vef Byggðastofnunar. Annar hluti verkefnisins fólst í rannsókn meðal erlendra íbúa á rannsóknarsvæðinu og samantekt á niðurstöðum með útgáfu þessarar skýrslu. Í skýrslunni eru dregnar fram helstu ábendingar og tillögur þátttakenda sem sveitarfélögin geta nýtt sér við áætlanagerð og stefnumótun.

Tilgangur verkefnisins var í megin atriðum að kanna hvernig sveitarfélögin geta laðað til sín íbúa með langtímabúsetu í huga og auka almennt á aðlögun erlendra íbúa. Þar með að draga úr íbúaveltu og auka sjálfbærni íbúaþróunar. Skýrslan dregur í megin atriðum fram mikilvægi þess að sveitarfélög móti skýrar og heildrænar móttökuáætlanir, í samvinnu og samtali við íbúa. Markmið rannsóknarinnar var þannig að draga fram helstu áskoranir og megin atriði sem hægt er að nýta sem grunn að aðgerðum sem móttökuáætlanir geta falið í sér. Vænta má að niðurstöður þessarar skýrslu geti enn frekar stutt við vinnu sveitarfélaganna, sem og annara sveitarfélaga. Fyrirhugað er að vinna áfram með sveitarfélögunum að þessum mállefnum og skoða frekari leiðir sem stutt geta við aðlögun erlendra íbúa.

Verkefnið er unnið af SASS og fjármagnað af Byggðaaætlun (C.1. Séræk verkefni sóknaráætlunarsvæða) og Sóknaráætlun Suðurlands. Samstarfsaðilar voru hlutaðeigandi sveitarfélög ásamt Kötlusetri í Mýrdalshreppi sem sá um framkvæmd rannsóknarinnar og tóku virkan þátt í mótun verkefnisins. Er öllum færðar þakkir fyrir gott samstarf.

Þórður Freyr Sigurðsson, sviðsstjóri þróunarsviðs SASS

Inngangur

Rannsóknin snýr að lýðfræðilegri þróun á mið- og austursvæði Suðurlands, með áherslu á erlenda íbúa. Tilgangurinn er að kanna hvernig sveitarfélögin geta laðað til sín íbúa með langtímabúsetu í huga, og skapa samfélag sem auðveldar íbúum að setjast að á svæðinu. Rannsóknarsvæðið nær til fjögurra aðliggjandi sveitarfélaga sem hafa upplifað íbúafjölgun á síðustu árum, að mestu í kjölfar aukinnar ferðaþjónustu. Íbúafjölgunin er að mestu bundin við erlenda íbúa á aldrinum 20-39 ára á meðan hlutfall íbúa undir 20 ára aldri er lágt og íbúavelta er há.

Sambærileg gögn um innlenda íbúa eru að nokkru leyti til staðar frá öðrum rannsóknum eins og sjá má í kaflanum um fræðilega undirstöðu. Gögn um erlenda íbúa innan umrædds svæðis eru hins vegar af skörum skammti. Því var ákveðið að gera vefkönnun á meðal erlendra íbúa ásamt viðtölum í hverjum af þéttbýlisstöðunum fjórum innan rannsóknarsvæðisins. Rannsóknin var hönnuð til að kanna viðhorf erlendra íbúa til áframhaldandi búsetu á svæðinu og draga ályktanir um:

- Hvað hvetur fólk til að setjast að á svæðinu.
- Hvað hindrar fólk í því að setjast þar að til langs tíma.
- Hvaða búsetuþættir eru mikilvægastir erlendum íbúum á svæðinu.
- Hvernig má þjónusta erlenda íbúa betur og stuðla að sterkari tengingu íbúa við svæðið.
- Hvernig sveitarfélögin geta laðað að nýja íbúa með langtíma búsetu í huga.

Markmiðið er að styðja við sveitarfélögin í mótun móttökuáætlana, þar sem sveitarfélögin skuldbinda sig til að þjónusta nýbúa á markvissan hátt í þeim tilgangi að draga úr íbúaveltu og efla lýðfræðilega þróun. Góð móttökuáætlun er því öflug strategía eða stefnumörkun fyrir sveitarfélögin til eflingar samfélagsins í heild.

Fræðilegur grunnur

Norræn vísitala lýðfræðilegra veikleika

Vísitala lýðfræðilegra veikleika er samantekt á lýðfræðilegum þáttum sem aðstoða sveitarfélög við að greina lýðfræðilegar áskoranir. Hver þáttur sem telst utan ákveðinna öryggismarka má álíta sem áhættuþátt. Eftir því sem fleiri þættir mælast utan öryggismarkanna, eykst hættan á lýðfræðilegum vandamálum. Summa áhættuþátta sýnir lýðfræðilegt veikleikastig svæðisins.

Þættir sem teknir eru til athugunar í vísitölu lýðfræðilegra veikleika eru eftirfarandi:

1. Fæðingartíðni < 10.6
 2. Dánartíðni > 8.9
 3. Aðfluttir umfram brottflutta < 0 %
- Hlutfall íbúa eftir aldurshópum:
4. Hlutfall 0-14 ára er undir 17.3%
 5. Hlutfall 15-24 ára er undir 12%
 6. Hlutfall 25-54 ára er undir 39,1%
 7. Hlutfall 55-64 er yfir 12%
 8. Hlutfall 65+ ára er yfir 19,5%
 9. Kynjahlutföll: færri konur en karlar
 10. Færri en 93 konur á hverja 100 karla á aldrinum 15-64 ára

Nordregio metur þessa þætti sem mikilvæga vísa um hversu viðkvæm sveitarfélögin eru fyrir ósjálfbærri lýðfræðilegri þróun. (*Nordregio*, 2019) Vísarnir aðstoða okkur við að meta stöðu sveitarfélaganna og greina hættumerki. Vísitala lýðfræðilegra veikleika útskýrir ekki orsakir hvers þáttar en með þessari rannsókn er ætlunin að varpa ljósi á líklegar orsakir helstu lýðfræðilegu veikleika sem sveitarfélögin standa frammi fyrir. Með tilkomu Gagnatorgs sveitarfélaganna má auðveldlega fylgjast með og vakta þróun þessara lýðfræðilegu þátta í hverju sveitarfélagi fyrir sig. (*Bygðastofnun*, 2021)

Íbúakönnun landshlutanna

Íbúakönnun landshlutanna hefur verið gerð í nokkur ár, fyrst á Vesturlandi en um allt land síðari ár. Tilgangur hennar er að rannsaka viðhorf íbúa til fjölbreyttra búsetuþátta í sínu sveitarfélagi. Vífill Karlsson, Ph.D. í viðskiptafræði hefur yfirumsjón með rannsókninni ásamt Helgu Maríu Pétursdóttur, M.Sc. í hagfræði. Landshlutasamtökin eru þátttakendur í gerð íbúakönnunarinnar. (Vífill Karlsson & Helga María Pétursdóttir, 2021)

Niðurstöður Íbúakönnunar landshlutanna 2020 komu út snemma árs 2021. Þær sýna þróun svæða, hvaða búsetuþættir skipta íbúa mestu máli og hverjir eru helstu veikleikar hvers svæðis. Niðurstöðurnar eru

gagnlegar fyrir stjórnun og áætlanagerð á meðal landshlutasamtaka, sveitarfélaga, stofnana og jafnvel einstakra fyrirtækja.

Íbúakönnun landshlutanna veitir ítarlegar upplýsingar um þróun þess rannsóknarsvæðis sem tekið er til skoðunar í þessari rannsókn. Vífill og Helga halda því fram að styrkleikar könnunarinnar séu sterkur fræðilegur bakgrunnur sem og líftími könnunarinnar, þ.e. að könnunin hefur verið gerð og þróuð yfir margra ára tímabil. Hins vegar er einn veikleiki hennar skortur á þátttöku erlendra íbúa. (Vífill Karlsson & Helga María Pétursdóttir, 2021) Þess vegna er gagnlegt að bera niðurstöður íbúakönnunarinnar saman við niðurstöður þessarar rannsóknar á meðal erlendra íbúa á mið- og austursvæði Suðurlands.

Byggðafesta og búferlaflutningar

Byggðastofnun stóð fyrir rannsókn um byggðafestu og búferlaflutninga á Íslandi árið 2019. Þessi meginlegja könnun gagnaðist hér við að ákvarða spurningar og aðferðafræði fyrir rannsókn okkar á meðal erlendra íbúa. Niðurstöður rannsóknar Byggðastofnunar eru góður vísir um byggðafestu og búferlaflutninga í smábæjum á Íslandi; aftur á móti tekur hún ekki dreifbýl svæði til skoðunar en okkar rannsóknarsvæði nær yfir mjög dreifbýlan landshluta. Könnunin sneri að öllum íbúum, óháð ríkisfangi og mikill meirihluta svarenda var íslenskur. (Byggðastofnun, 2019) Með okkar rannsókn er markmiðið að dýpka skilning á íbúaveltu á mið- og austursvæði Suðurlands með því að ná til erlendra íbúa sem eru allt að 42% íbúa sveitarfélaganna sem um ræðir.

Hagtölur um atvinnulíf á Suðurlandi, með áherslu á ferðaþjónustu

Árið 2019 kölluðu Samtök sunnlenskra sveitarfélaga eftir sérkeyrslu gagna frá Hagstofu Íslands um atvinnulíf í öllum fimmtán sveitarfélögum Suðurlands. Tilgangurinn var að leita svara við lykilsurningum um ferðaþjónustu og þróun atvinnulífs í landshlutanum. (Hrafn Sævaldsson, 2020) Niðurstöðurnar voru birtar í töflum og gröfum sem reyndust mörg gagnleg við undirbúning þessarar rannsóknar.

Mat nýrra innflytjenda á lífi sínu í Kanada (e. New immigrants' assessment of their life in Canada)

René Houle og Grant Schellenberg birtu skýrslu árið 2019 um mat nýrra innflytjenda á lífi sínu í Kanada. Hún byggðist á ítarlegri langtímarannsókn á meðal innflytjenda, þar sem svarendur voru beðnir um að leggja mat á ákveðna þætti í sínu lífi eftir að hafa flutt til Kanada. Rannsóknin kannaði viðfangsefnið frá fjölbreyttum sjónarhornum: Ferlið við að setjast að í nýju landi, samfélagsleg samþætting, sálfræðilegir þættir, samanburður við upprunaland og fleira. Skýrslan reyndist okkur gagnlegur grunnur við að móta spurningakönnun og viðtalsramma, þar sem hún sýnir fram á hversu flókið og yfirgripsmikið viðfangsefnið er.

Aðferðir

Rannsóknarsvæði

Rannsóknarsvæðið nær til fjögurra samliggjandi sveitarfélaga, með áherslu á dreifbýlið á milli Markarfljóts í vestri og Hólmsár í austri, sem má álíta sem viðkvæmara gagnvart vissum lýðfræðilegum veikleikum. Svæðið er 15.859 ferkílómetrar og íbúafjöldi er 5.693. (Byggðastofnun, 2021)

Rannsóknaraðferðir

Vefkönnun

Fyrsta skrefið við að fá yfirsýn yfir upplifun erlendra íbúa á svæðinu var að gera vefkönnun. Þessi aðferð varpaði fram almennri mynd af því hvernig erlendir íbúar skynja sitt sveitarfélag og hvernig þeir hafa upplifað búsetu sína á svæðinu.

Vefkönnunarforritið *SurveyMonkey* (surveyMonkey.com) var notað til að skapa og birta könnunina. Þetta stig rannsóknarinnar var kynnt víða á samfélagsmiðlum til að ná til sem flestra. Í takt við tilgang rannsóknarinnar var svörum aðeins safnað frá íbúum sem sögðust búa innan eftirfarandi sveitarfélaga: Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps, Skaftárhrepps og Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Könnunin var kynnt í eftirfarandi Facebook hópum:

- Víki-pedia (Facebook hópur; 1.792 meðlimir)
- Kötlusetur (Facebook page; 1.107 meðlimir)
- Mýrdalshreppur (Facebook síða; 488 fylgjendur)
- Félagsheimilið Leikskálar (Facebook síða; 176 fylgjendur)
- Immigrants Living in Iceland (Facebook hópur; 1.400 meðlimir)
- Íbúar Skaftárhrepps – Upplýsingasíða (Facebook hópur; 262 meðlimir)
- Við erum íbúar í Skaftárhreppi (Facebook hópur; 503 meðlimir)
- Polacy na Islandii e. *Poles in Iceland* (Facebook hópur; 24.500 meðlimir)
- Away From Home - Living In Iceland (Facebook hópur; 20.600 meðlimir)
- Foreigners in Iceland (Facebook hópur; 9.800 meðlimir)
- Samfélagið Höfn (Facebook síða; 2.462 fylgjendur)
- Atvinnumál í Skaftárhreppi (Facebook hópur; 118 meðlimir)

Að auki voru keyptar auglýsingar á Facebook og Instagram sem náðu til 5.134 manns minnst einu sinni og leiddu til 149 smella. Vefkönnunin lagði grunninn að undirbúningi á viðtalsramma sem gerði okkur kleift að kafa ofan í helstu málefni viðfangsefnisins í samtalsformi.

Viðtöl í eigin persónu

Viðtöl í eigin persónu voru næsta skref í að rannsaka viðhorf erlendra íbúa. Þessi aðferð reyndist góð leið til að afla ítarlegra upplýsinga sem koma síður upp í megindlegri könnun.

Viðtalsramminn var hannaður til að safna nákvæmari upplýsingum frá smærri hópi fólks um upplifanir þeirra, valkosti, tilfinningar, skoðanir, þekkingu og tillögur. Viðtölin veittu betri skilning á styrkleikum sveitarfélaganna sem og veikleikum þeirra. Um hálfstöðluð viðtöl var að ræða: Fyrirfram ákveðnum spurningaramma var fylgt en á meðan viðtölunum stóð var aukaspurningum skotið inn eftir því sem við átti, til frekari skýringa. Viðmælendum var einnig gert ljóst að allar aukaathugasemdir og tillögur voru velkomnar. Eins var viðmælendum velkomið að sleppa vissum viðfangsefnum ef viðkomandi kaus að ræða þau ekki.

Viðmælendur voru fengnir með aðstoð eins tengiliðar í hverju sveitarfélagi. Tengiliðirnir voru valdir af stjórnendum hvers sveitarfélags. 37 erlendir íbúar búsettir í viðkomandi sveitarfélögum tóku þátt í viðtölunum: 8 í Rangárþingi eystra, 10 í Mýrdalshreppi, 9 í Skaftárhreppi og 10 í Sveitarfélaginu Hornafirði. Viðtölin fóru fram á Hvolsvelli, Vík, Kirkjubæjarklaustri og Höfn vorið 2021.

Niðurstöður

Eiginleikar rannsóknarsvæðisins

Landfræði

Það sem helst einkennir rannsóknarsvæðið landfræðilega er lítill íbúapéttleiki. Meðalíbúapéttleiki á svæðinu er 0,4 á ferkílómetra en dreifbýlasta sveitarfélagið er Skaftárhreppur með 0,1 íbúa á ferkílómetra.

Sveitarfélag	Flatarmál	Íbúafjöldi	% erlendra íbúa	Íbúapéttleiki
Rangárþing eystra	1.832 km ²	1.924	23%	1,1 íbúar/km ²
Mýrdalshreppur	749 km ²	758	42%	1,0 íbúar/km ²
Skaftárhreppur	6.943 km ²	624	33%	0,1 íbúar/km ²
Sveitarfélagið Hornafjörður	6.309 km ²	2.387	22%	0,4 íbúar/km ²
Samtals/meðaltal	15.833 km²	5.693	30%	0,4 íbúar/km²


(Byggðastofnun, 2020) (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2021)

Þó svo að nokkuð stór hluti af svæðinu sé fjalllendi, jöklar, sandar og árfarvegir er landið víða ræktað til landbúnaðar eða mikilvægir áfangastaðir fyrir ferðaþjónustu. Langar ferðaleiðir á milli kaupstaða er því auðsjáanleg áskorun fyrir lýðfræðilega þróun svæðisins.

Lýðfræði

Þegar litið er á tölfræði frá Byggðastofnun er íbúafjölgun á svæðinu undanfarin tíu ár nær eingöngu byggð á erlendum íbúum á aldrinum 20-39. Meðalhlotfall erlendra íbúa á svæðinu er 30%, hæst í Mýrdalshreppi um 42%. Í raun er Mýrdalshreppur með hæsta hlutfall erlendra íbúa á Íslandi. (Byggðastofnun, 2021)


Fjöldi innlendra og erlendra íbúa eftir sveitarfélögum



(Byggðastofnun, 2021)

Aldursdreifing innan rannsóknarsvæðisins er sýnilega frábrugðin meðal aldursdreifingar á Suðurlandi. Þá sérstaklega hlutfall íbúa á aldrinum 20-39 ára, sem er mun hærri innan rannsóknarsvæðisins; og hlutfall íbúa á aldrinum 0-19 ára er lægra en að meðaltali á Suðurlandi.

Aldursdreifing



(Byggðastofnun, 2021)

Atvinnulíf

Sveitarfélögin fjögur sem hér eru tekin til rannsóknar búa yfir rúmlega 20% allra starfa á Suðurlandi. Sama svæði hýsir 40% allra ferðapjónustustarfa á Suðurlandi. (Hrafn Sævaldsson, 2020. Bls.8-14) Þessar tölur eru mikilvægar þegar litið er til þess að 50% manna í ferðapjónustu á Suðurlandi eru unnin af erlendum íbúum, samkvæmt sömu heimildum. Eftirfarandi ferðapjónustustörf hafa hæsta hlutfall erlendra íbúa á Suðurlandi:

- Önnur ótalin skemmtun og tómstundastarf: 79%
- Hótel og gistiheimili með veitingapjónustu: 72%
- Ferðaskipuleggjendur: 56%
- Rekstur sögulegra staða og bygginga og áþekkra ferðamannastaða: 55%
- Farþegaflutningar á skipgengum vatnaleiðum: 52%
- Tjaldsvæði, svæði fyrir húsbíla og hjólhýsi. 52%
- Hótel og gistiheimili án veitingapjónustu: 49%

(Hrafn Sævaldsson, 2020. bls.74)

Íbúafjölgun innan rannsóknarsvæðisins á árunum 2010-2019 fer samhliða auknum umsvifum í ferðapjónustu og er fjölgunin sérstaklega bundin við erlenda íbúa á aldrinum 20-39. (Byggðastofnun, 2020) Á Suðurlandi var stöðug fjölgun í hópi einstaklinga sem hafa ferðapjónustu að aðalstarfi frá 2010 til 2017. Í sveitarfélögunum fjórum sem hér eru til rannsóknar var þessi fjölgun nokkuð hraðari, borið saman við landshlutann allan, eins og taflan hér fyrir neðan sýnir.

Einstaklingar í ferðapjónustu að aðalstarfi. % breyting á milli ára

Sveitarfélag	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Rangárþing eystra	-5,8%	8,4%	4,2%	17,2%	2,1%	30,4%	13,2%	16,1%	26,9%	20,8%	0,8%
Mýrdalshreppur	-0,6%	-7,5%	15,9%	22,2%	43,6%	2,5%	46,8%	59,1%	30,3%	15,4%	8,2%
Skaftárhreppur	-4,8%	-8,1%	7,4%	13,9%	13,7%	16,2%	35,2%	31,6%	37,0%	17,0%	-0,6%
Sveitarfélagið Hornafjörður	-13,3%	14,2%	13,3%	17,1%	24,0%	11,5%	19,2%	39,5%	41,2%	11,1%	1,6%
Meðaltal rannsóknarsvæðis	-6,1%	1,8%	10,2%	17,6%	20,9%	15,2%	28,6%	36,6%	33,9%	16,1%	2,5%
Meðaltal Suðurlands	-1,7%	5,0%	4,0%	8,9%	14,2%	16,6%	18,8%	24,5%	19,1%	7,9%	3,3%


(Hrafn Sævaldsson, 2020, bls.18)

Taflan sýnir breytingu á milli ára í hlutfalli einstaklinga í ferðaþjónustu að aðalstarfi. Það er ljóst að breytingarnar voru ákafari innan austustu fjögurra sveitarfélaga landshlutans á árunum 2010-2018, í samanburði við allt Suðurland.

Lýðfræðilegir veikleikar

Sveitarfélögin fjögur glíma nú við þrjá til sex lýðfræðilega veikleika, samkvæmt skilgreiningu *Nordregio* á vísitölu lýðfræðilegra veikleika. Öll fjögur sveitarfélögin hafa lágt hlutfall íbúa undir 15 ára og færri kvenkyns en karlkyns íbúa. (Byggðastofnun, 2021)

	Rangárfing- eystra	Mýrdals- hreppur	Skaftár- hreppur	Sveitarfélagið Hornafjörður
Fæðingartíðni <10.6	1	1		
Dánartíðni >8.9			1	1
Hlutfall íbúa á aldrinum 0-14 lægri en 17.3%	1	1	1	1
Hlutfall íbúa á aldrinum 15-24 er lægri en 12%		1	1	
Hlutfall íbúa á aldrinum 55-64 er hærri en 12%	1			
Kynjahlutföll: færri konur en karlar	1	1	1	1
Kynjahlutföll: færri en 93 konur á hverja 100 karla á aldrinum 15-64	1	1		1
Samtals	5	6	4	3



Kort byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands
Lýðfræðilegar upplýsingar byggðar á gögnum frá Byggðastofnun, 2021.

Okkar grunur er að þessir lýðfræðilegu veikleikar séu umtalsvert meiri ef dreifbýlu svæðin á milli Markarfljóts og Hólmsár væru tekin til sérstakrar skoðunar. Þéttbýlin Hvolsvöllur og Höfn kunna að skekkja myndina þar sem ætla má að bæirnir séu síður viðkvæmir fyrir vissum lýðfræðilegum vandamálum. Enn fremur ber að hafa í huga að þessar tölur flökta nokkuð á milli ára, líklega vegna lágrar íbúatölu. Þetta eru samt sem áður gagnlegir vísar þegar kemur að stefnumótun og áætlanagerð á svæðisvísu.

Niðurstöður vefkönnunar


216 einstaklingar tóku þátt í könnuninni. 65% svarenda svöruðu öllum spurningunum og tók svörun að meðaltali 10 mínútur. Könnunin var í boði á íslensku, ensku og pólsku. 56% svarenda voru kvenkyns, 43% karlkyns (+1% kaus að svara spurningunni ekki). Meðalaldur svarenda var 34,5 ár.

Búsetusvæði

40% svarenda búa í Mýrdalshreppi, 23% í Sveitarfélaginu Hornafirði, 19% í Rangárþingi eystra og 13% í Skaftárhreppi (+5% annars staðar). 65% svarenda búa í þéttbýli og 35% í dreifbýli.


Álit á búsetu innan sveitarfélags

33% svarenda búa með maka og börnum, 30% með maka, 13% búa ein, 5% búa með börnum (+15% annað, +4% kusu að svara ekki).



Svarendur telja að meðaltali nokkuð gott að ala upp börn þar sem þau eru búsett (svarmeðaltal: 7 af 10, þar sem talan 10 merkir mjög gott).


Samkvæmt niðurstöðum eru erlendir íbúar nokkuð ánægðir með búsetustað sinn (svarmeðaltal: 7 af 10, þar sem talan 10 merkir mjög ánægð). 42% svarenda hafa hug á langtímabúsetu innan síns sveitarfélags, 18% sjá ekki fyrir sér að búa þar til langs tíma og 40% eru óviss.




Þessar tölur, ásamt tillögum svarenda um umbætur benda til þess að sveitarfélögin geti lækkað íbúaveltu með bættri þjónustu við erlenda íbúa og fjölskyldur.


Samþætting og samfélagsþátttaka

Erlendir íbúar segja upplifun sína af því að verða hluti af nærsamfélaginu: Mjög góða (20%), frekar góða (44%), hvorki góða né slæma (22%), frekar slæma (9%), mjög slæma (2%) og 3% kusu að svara ekki. Flest (74%) taka þátt í svæðisbundnum viðburðum, svo sem hátíðum, tónleikum, veislum eða fundum. 24% svarenda segja að slík samfélagsþátttaka skipti miklu máli fyrir áframhaldandi búsetu þeirra í sveitarfélaginu, 43% segja hana skipta sig allnokkru máli, 26% segja hana skipta smá máli og 7% segja þátttöku í svæðisbundnum viðburðum ekki mikilvæga fyrir áframhaldandi búsetu sína í sveitarfélaginu.






Aðeins 16% svarenda töldu sig ekki hafa upplifað neinn neðangreindra erfiðleika við það að flytja til Íslands. Aðrir upplifðu eftirfarandi erfiðleika: Tungumálaerfiðleika (61%), húsnaðiserfiðleika (47%), fordóma (38%), samgönguvandamál (33%), takmarkaðan aðgang að þjónustu á svæðinu (27%), atvinnuerfiðleika (25%), menningarmismun (25%), einangrun (24%) og erfiðleika fyrir börnin sín eða aðra fjölskyldumeðlimi (13%).




Samskipti og upplýsingaflæði

61% svarenda töldu sig hafa greiðan aðgang að því að læra íslensku. 16% sögðust ekki hafa greiðan aðgang og 23% voru óviss.

Hvað varðar öflun upplýsinga (um lífið á Íslandi, reglur, þjónustu o.þ.h.), leita flestir til vina og fjölskyldu (73%) og nota samfélagsmiðla (62%). Færri nota vefsíðu síns sveitarfélags (30%), viðkomandi skrifstofur og stofnanir (37%) eða sendiráð (9%) til að fá svör við spurningum sínum.



Að mati erlendra íbúa væri besta upplýsingaveitan fyrir nýbúa (hvað varðar líf og reglur í hverju sveitarfélagi): Vefsíða með öllum gagnlegum upplýsingum* (84%) og starfsmaður innflytjendamála í sveitarfélaginu (61%). Færri myndu kjósa bækling með öllum gagnlegum upplýsingum (36%), móttökufund fyrir nýbúa (33%) eða myndband með öllum gagnlegum upplýsingum (18%).




* Á meðan á rannsókn stóð opnaði ný vefsíða fyrir nýbúa á Íslandi undir léninu www.newiniceland.is.

Þegar spurt var um gagnsemi vefsíðu síns sveitarfélags, mátu erlendir íbúar hana sem: Ekki gagnlega fyrir nýbúa (28%), gagnlega fyrir nýbúa (25%) en 47% svarenda voru óviss.


Menntun og atvinna

46,5% svarenda starfa í ferðaþjónustu, 20% hjá hinu opinbera, 7% í iðnaði, 4% í sjávarútvegi, 3% í menningu, listum og skapandi greinum, 1,5% í landbúnaði og skógrækt, 2% í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi, 1% í eignaumsýslu, fjármála- og váttryggingastarfsemi, fasteignaviðskiptum og leigustarfsemi og 15% við annað.

Meirihluti svarenda (67%) fann starf áður en þau fluttu til Íslands en 33% fundu atvinnu eftir komuna til Íslands.




Flestir leita atvinnu með því að hafa samband við vini og fjölskyldu (59%), með því að spyrjast fyrir á meðal atvinnurekenda á svæðinu (53%), á vefsíðu með atvinnuauglýsingum (47%) eða á samfélagsmiðlum (45%). Vefsíða sveitarfélags (13%) og Vinnumálastofnun (20%) eru notaðar að minna leyti.



53% svarenda eru með háskólamenntun, 42% framhaldsskólamenntun og 5% grunnskólamenntun.


52% svarenda telja starfsitt ekki samræmast menntun sinni og reynslu, 35% telja starfið samræmast sinni menntun og reynslu og 13% eru óviss.

Þegar spurt var hversu auðvelt eða erfitt væri að finna starf í sveitarfélaginu sem samræmdist menntun þeirra og reynslu töldu 28% svarenda það vera mjög erfitt og 35% töldu það vera frekar erfitt. 24% töldu það hvorki auðvelt né erfitt, 10% frekar auðvelt og 3% töldu það mjög auðvelt.




Ferlar og réttindi

Meira en helmingur svarenda (53%) vissi næstum ekkert um formlegar reglur áður en þau fluttu til Íslands (skráningu inn í landið, kennitölu, bankareikning, val á stéttarfélagi og lífeyrissjóði o.þ.h.); 37% þekktu sumar reglur og ferli og 10% sögðust hafa þekkt flestar reglur og ferli fyrirfram.



Formlegar reglur og ferlar við að flytja til Íslands eru álitnir mjög auðveldir af 13% svarenda, frekar auðveldir (45%), frekar erfiðir (11%) en aðeins 4% töldu þessar reglur og ferla vera mjög erfiða.

Mikill meirihluti erlendra íbúa (72%) lærði ekki um réttindi tengd stéttarfélagi sínu fyrr en meira en mánuði eftir flutning til Íslands. 13% lærðu um þetta innan fyrsta mánaðar, 6% áður en þau fluttu til landsins og 9% svarenda höfðu ekki enn lært um stéttarfélagsréttindi sín þegar könnuninni var svarað.



19% svarenda segjast þekkja reglur um barnabætur, lífeyrissjóði, réttindi í stéttarfélögum, fæðingarorlof o.þ.h. mjög vel. 42% vita nokkuð um þær, 27% vita lítið um þær og 12% þekkja þessar reglur ekki

Staða og mikilvægi búsetupátta

Að lokum var staða og mikilvægi vissra búsetupátta kannað og var þá fengið leyfi til að nota sömu spurningar og birtust í Íbúakönnun landshlutanna 2020. Svarendur voru beðnir um að meta gæði 33 búsetupátta innan síns sveitarfélags og leggja næst mat á mikilvægi sömu búsetupátta fyrir áframhaldandi búsetu sína í sveitarfélaginu. Þeir þættir sem metnir voru sem mikilvægir en lélegir að gæðum eru skoðaðir sérstaklega í umræðukafla þessarar skýrslu.

Gæði búsetupátta voru metin á skalanum frá *Mjög slæmt* (tölugildið 0) til *Mjög gott* (tölugildið 5) og voru niðurstöðurnar að meðaltali eftirfarandi, frá mestu gæðum til minnstu.

Gæði og staða frá mestu til minnstu

- 4,65 Friðsæld
- 4,6 Nálægð við fjölbreytta náttúru
- 4,54 Almennt öryggi
- 4,09 Ásýnd bæja og sveita ásamt almenntri umgengni
- 3,9 Gott mannlíf
- 3,9 Umferðaröryggi
- 3,8 Umhverfismál almennt
- 3,78 Dvalarheimili aldraðra

3,66	Tónlistarskóli
3,59	Menningarlíf
3,57	Vegakerfi
3,53	Þjónusta við aldraða
3,51	Atvinnuöryggi
3,49	Tækifæri til íþróttatímstundaiðkunar
3,47	Gæði grunnskóla
3,46	Gæði leikskóla
3,43	Launatekjur
3,34	Aðstoð við fólk í fjárhagsvanda
3,31	Gæði unglingastarfs
3,27	Þjónusta við fatlaða
3,25	Gæði heilsugæslu
3,06	Þjónusta við fólk af erlendum uppruna
2,99	Skipulagsmál
2,96	Möguleiki á eigin atvinnurekstri
2,84	Framfærslukostnaður
2,79	Fjölbreytni atvinnulífs
2,57	Vöruúrval/þjónustuúrval
2,57	Námsmöguleikar á framhaldsskólastigi
2,47	Tækifæri til afþreyingar
2,4	Almenningssamgöngur
2,28	Námsmöguleikar á háskólastigi
2,18	Framboð á íbúðarhúsnæði til kaups
2	Framboð á íbúðarhúsnæði til leigu

Mikilvægi búsetupáttanna var metið á bilinu *Alls ekki mikilvægt* (tölugildið 0) til *Mjög mikilvægt* (tölugildið 5) og voru niðurstöðurnar að meðaltali eftirfarandi, frá mesta mikilvægis til þess minnsta.

Mikilvægi frá mesta til minnsta

4,78	Almennt öryggi
4,74	Gott mannlíf
4,73	Atvinnuöryggi
4,68	Launatekjur
4,66	Friðsæld
4,63	Umferðaröryggi
4,62	Gæði heilsugæslu
4,58	Framfærslukostnaður
4,55	Nálægð við fjölbreytta náttúru
4,54	Ásýnd bæja og sveita ásamt almennri umgengni
4,47	Fjölbreytni atvinnulífs
4,47	Menningarlíf

4,44	Aðstoð við fólk í fjárhagsvanda
4,43	Umhverfismál almennt
4,42	Tækifæri til íþrótta/tómstundaiðkunar
4,41	Þjónusta við íbúa af erlendum uppruna
4,34	Framboð á leiguhúsnaði
4,25	Vöruúrval/þjónustuúrval
4,22	Þjónusta við fatlaða
4,2	Gæði unglingastarfs
4,17	Vegakerfi
4,16	Möguleiki á eigin atvinnurekstri
4,14	Gæði leikskóla
4,11	Tækifæri til afþreyingar
4,11	Þjónusta við aldraða
4,11	Gæði grunnskóla
4,1	Framboð á íbúðarhúsnaði til leigu
4,04	Framboð á íbúðarhúsnaði til kaups
4,04	Dvalarheimili aldraðra
3,74	Almenningssamgöngur
3,73	Námsmöguleikar á framhaldsskólastigi
3,69	Tónlistarskólar
3,68	Námsmöguleikar á háskólastigi

Svo unnt sé að forgangsraða þessum þáttum er mikilvægt að skoða *gæði* og *mikilvægi* í samhengi. Þeir þættir sem svarendur meta sem *mikilvægasta* eru þeir sem sveitarfélögin ættu að hafa efst í huga. Til þess að meta hvaða þætti má sjá sem vandamál eða áskorun, skal líta til þeirra þátta sem eru metnir sem *mikilvægastir og af minnstu gæðum*. Á hinn bóginn má álíta þá þætti sem metnir *mikilvægastir og af mestu gæðum* sem styrkleika sveitarfélaganna.

Eftirfarandi þætti mátu erlendir íbúar sem mjög mikilvæga og mjög góða. Þetta eru því styrkleikar svæðisins:


- Nálægð við fjölbreytta náttúru.
- Friðsæld.
- Almennt öryggi.

Svarendur telja eftirfarandi þætti einnig mikilvæga og góða:

- Ásýnd bæja og sveita ásamt almennri umgengni.
- Gott mannlíf.
- Umferðaröryggi.

Á hinn bóginn er ástæða til umbóta í eftirfarandi þáttum. Svarendur mátu þessa búsetuþætti mjög mikilvæga (eða frekar mikilvæga) en eru ekki sáttir með gæði þeirra:

- Framboð á íbúðarhúsnæði til leigu
- Framboð á íbúðarhúsnæði til sölu
- Vöruúrval/þjónustuúrval
- Tækifæri til afþreyingar.
- Almenningsamgöngur.
- Námsmöguleikar á háskólastigi.
- Námsmöguleikar á framhaldsskólastigi.
- Framfærslukostnaður.
- Fjölbreytni atvinnulífs.
- Þjónusta við fólk af erlendum uppruna.
- Möguleiki á eigin atvinnurekstri.
- Skipulagsmál.



Hvernig á að lesa grafið að framan

Hver búsetupáttur á sinn punkt í grafinu. Staðsetning hvers punkts á y-ásnum sýnir *meðalgæði* hvers búsetupáttar. Staðsetning punktsins á x-ásnum sýnir *meðalmikilvægi* búsetupáttarins. Búsetupættir sem falla fyrir neðan 3 á gæða-ásnum og yfir 4 á mikilvægis-ásnum eru helstu áskoranir svæðisins.

Þegar gæði og mikilvægi þessara 33 búsetupátta er skoðað í samhengi er auðvelt að leggja mat á hvaða þætti sveitarfélögin ættu að hafa efst í huga í vegferðinni að góðu og aðlaðandi samfélagi fyrir erlenda íbúa.

Niðurstöður viðtala

Viðtölin veittu dýpri skilning á viðfangsefni rannsóknarinnar, eins og vonast var til. Þar gafst erlendum íbúum tækifæri til að tala um málefni sem þeim eru hugleikin og gera betur grein fyrir eigin upplifunum af samþættingu inn í samfélagið. Í umræðukaflanum má finna niðurstöður viðtalanna í formi ábendinga og tillaga frá erlendum íbúum til sveitarfélaganna sem um ræðir.

37 einstaklingar veittu viðtal. 49% þeirra eru konur og 51% karlar. Meðalaldur viðmælenda er 33,5 ár. 24% búa ein, 33% með maka og 43% með fjölskyldu.

91% viðmælenda höfðu aldrei komið til Íslands sem ferðamenn áður en þau fluttu til landsins. Það sýnir þörfina á góðri upplýsingaveitu fyrir erlenda nýbúa – þau hafa flest enga fyrri reynslu af Íslandi.

Aðspurð hvar á Íslandi þau gætu hugsað sér að búa í framtíðinni, svöruðu flestir:

- Reykjavík (vegna fjölbreyttari tækifæra, afþreyingar og verslana).
- Akureyri (vegna nálægðar við fjölbreytta náttúru og fjölbreyttari tækifæri).
- Selfoss (vegna fjölbreyttari tækifæra, verslana og nálægðar við Reykjavík).
- Vík (vegna nálægðar við fjölbreytta náttúru).
- Borgarnes (vegna nálægðar við fjölbreytta náttúru).

Að mati viðmælenda voru réttindi og formleg ferli það sem erfiðast var að finna upplýsingar um, sem nýbúi á Íslandi.

Algengustu svörin við spurningunni *Hvernig getur sveitarfélagið þitt auðveldað þér upplýsingaleit?* voru:

- Próa/breyta vefsíðu sveitarfélagsins svo hún sýni allar þarfar upplýsingar.
- Skipa fjölmenningarfulltrúa sem þjónustar erlenda íbúa í sveitarfélaginu.
- Gefa út bækling með öllum gagnlegum upplýsingum fyrir nýbúa.

Í Sveitarfélaginu Hornafirði nefndu flestir viðmælendur að fjölmenningarfulltrúi hefur veitt erlendum íbúum mikinn stuðning á svæðinu og ljóst var að gæði þessarar þjónustu voru hátt metin.

Hvað varðar vefsíðu sveitarfélaga sögðust 59% viðmælenda ekki nota hana. Ástæðan var ýmist sú að síðan þótti ekki gagnleg eða að þau kusu heldur að nýta sér aðrar upplýsingaveitur.

Móttökubæklingur fyrir nýbúa gæti einnig verið gagnlegur til að koma á framfæri grunnupplýsingum á borð við skráningu inn í landið, skatta og réttindi. Sem dæmi þekktu 69% viðmælenda ekki rétt sinn á ókeypis túlkajónustu við vissar aðstæður.

73% viðmælenda fundu starf á Íslandi áður en þau fluttu til landsins. Þá tóku sumir fram að svæðisbundin atvinnuleit væri auðveldari ef öll atvinnutilboð yrðu auglýst á vefsíðum sveitarfélaga, ekki eingöngu þau störf sem eru á vegum sveitarfélaganna sjálfra.

Þar sem 49% viðmælenda hafa áhuga á eigin atvinnurekstri núna eða í framtíðinni, og 82% þeirra vita ekki hvernig á að bera sig að í þeim efnum, er ástæða til að bæta í upplýsingagjöf um stofnun fyrirtækja.

54% viðmælenda sögðust hafa upplifað minniháttar eða meiriháttar vandamál við samþættingu inn í samfélagið. 70% upplifðu tungumálaerfiðleika eftir flutning til Íslands. Því kann að vera hjálplegt að leggja aukinn metnað í íslenskukennslu, og viðburðir sem byggja á samvinnu og þátttöku íbúa geta stutt við samþættingu erlendra og innlendra íbúa.

Þegar viðtölin bárust að því hvað myndi *hvetja* fólk til að setjast að í sveitarfélaginu, voru algengustu svörin:

- Fleiri viðburðir og afþreying.
- Aukið framboð á íbúðarhúsnæði (til sölu/leigu).
- Bættir innviðir fyrir fjölskyldur og börn.
- Viðburðir sem byggja á samvinnu og þátttöku íbúa.

Það sem viðmælendur töldu *hindra* fólk í því að setjast að til langs tíma í sveitarfélaginu var helst eftirfarandi:

- Ekkert framboð á íbúðarhúsnæði (til sölu/leigu).
- Skortur á grunnþjónustu.
- Skortur á afþreyingu og viðburðum.
- Einhæft atvinnulíf.
- Skortur á samþættingu erlendra og innlendra íbúa.

Hvað varðar menntamál benda viðmælendur helst á eftirfarandi:

- Fjarnámsmöguleikar á háskólastigi þyrftu að vera betur auglýstir.
- Leikskólar eru fullir.
- Það væri góð hugmynd að fá fólk af erlendum uppruna til að kenna erlend tungumál og nýta þannig hina miklu fjölmenningu sem svæðið býr yfir (t.d. er fólk af 28 mismunandi þjóðernum í Mýrdalshreppi).

65% viðmælenda sjá tækifæri til umbóta í innviðum fyrir börn og fjölskyldur. Þau kalla á fjölbreyttari leikvelli og útivistarsvæði, hjólastíga og innanhúss leiksvæði fyrir börn.

61% þykir vöntun á fjölbreyttari tómstundum eða afþreyingu fyrir börn og fjölskyldur í sínu sveitarfélagi.

Umræður

Samanburður við niðurstöður Íbúakönnunar landshlutanna 2020

Íbúakönnun landshlutanna nær yfir allt Ísland og varpar sýn á upplifun íbúa á 40 fyrirfram skilgreindum búsetupáttum. Hins vegar var ekki næg þátttaka erlendra íbúa svo unnt væri að kanna niðurstöður þess íbúahóps í Skaftafellssýslum og Rangárvallasýslum og greina niðurstöður sérstaklega. Þess vegna var ákveðið að spyrja sambærilegra spurninga um gæði og mikilvægi búsetupátta í okkar rannsókn. Til þess að halda lengd könnunarinnar undir fimmtán mínútum og skapa rúm fyrir aðrar mikilvægar spurningar var afráðið að fækka búsetupáttunum niður í 33. Þættir sem metnir voru sem síður mikilvægir fyrir þessa rannsókn voru teknir út, svo sem úrgangsmál, rafmagn og umferðarþungi.

Punkturitið sýnir að svarendur okkar mátu eftirfarandi átta búsetupætti lélega að gæðum en töldu þá um leið mikilvæga. Hver þessara átta þátta er tekinn fyrir í næsta kafla og borinn saman við niðurstöður Íbúakönnunar landshlutanna 2020. Þar eru umræðupunktar úr viðtölunum einnig fléttaðir saman til að varpa skýrara ljósi á niðurstöðurnar.

1. Framboð á íbúðarhúsnæði til leigu
2. Framboð á íbúðarhúsnæði til sölu
3. Afþreyingarmöguleikar
4. Vöruúrval/þjónustuúrval
5. Fjölbreytni atvinnulífs
6. Framfærslukostnaður
7. Möguleikar á eigin atvinnurekstri
8. Skipulagsmál

Framboð á íbúðarhúsnæði til leigu

Framboð á íbúðarhúsnæði til leigu er sá þáttur sem fékk lægstu einkunn í heildarsvörum Íbúakönnunar landshlutanna 2020 og ber þeirri niðurstöðu saman við okkar rannsókn á meðal innflytjenda. Hins vegar er greinilegur munur á milli þessara tveggja kannana á því hversu *mikilvægur* búsetupátturinn er álitinn af svarendum. Í Íbúakönnun landshlutanna er þátturinn ekki metinn sem sérlega mikilvægur en okkar svarendur mátu þennan þátt sem einn af mikilvægustu búsetupáttunum sem tilgreindir voru. Framboð á íbúðarhúsnæði til leigu er því augljós áskorun fyrir sveitarfélögin á mið- og austursvæði Suðurlands, í það minnsta að mati erlendra íbúa.

Til þess að forðast hlutdrægni voru ekki lögð til hugsanleg vandamál í viðtalsramma rannsóknarinnar. Þrátt fyrir það minntust flestir viðmælendur á húsnæðisvanda á einhverum tímapunkti í viðtölunum. Það varð ljóst að húsnæði er að stórum parti í eigu atvinnurekenda. Þar af leiðandi á fólk sem missir starf sitt eða vill skipta um starfsvettvang það á hættu að missa samstundis húsnæði sitt. Samkvæmt viðmælendum er íbúðarhúsnæði til leigu bæði dýrt og illfáanlegt.

Framboð á íbúðarhúsnæði til sölu

Framboð á íbúðarhúsnæði til sölu hlaut næstlægstu einkunn í okkar rannsókn og var að meðaltali metið sem frekar eða mjög mikilvægt. Þessi vandi er áþekkur skorti á íbúðarhúsnæði til leigu, þó leiguhúsnæði sé metið sem ögn mikilvægara. Erlendir íbúar í umræddum fjórum sveitarfélögum mátu framboð á íbúðarhúsnæði til sölu bæði mikilvægara og lægra að gæðum en heildarsvörun á landsvísi í Íbúakönnun landshlutanna 2020 sýndi.

Nokkrir viðmælendur sem hafa búið á Íslandi um árabíl höfðu áhuga á að útskýra húsnæðisvandann frekar. Aðalvandinn virðist vera almennur skortur á íbúðarhúsnæði til sölu. Nokkur höfðu einnig upplifað samskiptavanda við bankana hvað við kom lánum, og áttu í vanda með að finna upplýsingar um reglur og ferla í tengslum við húsnæðismarkaðinn. Einar samræður leiddu í ljós að auðvelt væri að finna upplýsingar um fyrstu skrefin á Íslandi en þegar erlendir íbúar vilja setjast að til langs tíma verður erfiðara að finna upplýsingar um flóknari mál á ensku, svo sem hvernig eigi að kaupa hús.


Afþreyingarmöguleikar

Afþreyingarmöguleikar hlutu meðaleinkunnina 2,5 í gæðum (frekar slæmt) og 4,1 í mikilvægi (frekar mikilvægt). Okkar svarendur meta þennan búsetupátt bæði sem mikilvægari og lægri að gæðum en heildarsvörun í Íbúakönnun landshlutanna 2020 sýnir. Það er mikilvægt að taka fram að á meðan á rannsókn stóð hafði Covid-19 heimsfaraldurinn sett flesta félagslega afþreyingu í hlé í tæpt ár. Þetta kann að hafa haft áhrif á niðurstöðurnar.


Viðtölin styðja þessa niðurstöðu. Margir tóku fram að fleiri skipulagðir viðburðir myndu hvetja til þess að fólk settist að í sveitarfélaginu. Fjölskyldufólk nefndi skort á fjölskylduvænum innviðum, svo sem almenningsgöðum, fjölbreyttum leikvöllum og afþreyingu fyrir ung börn. Sumir lögðu einnig áherslu á vöntun á innanhúss aðstöðu sem börn og fullorðnir geta nýtt til félagslegrar afþreyingar.

Vöruúrval og þjónustuúrval

Vöru- og þjónustuúrval hlaut meðaleinkunnina 2,5 í gæðum og yfir 4,2 í mikilvægi (frekar eða mjög mikilvægt). Þetta er því búsetupáttur sem hefur mikil áhrif á ánægju erlendra íbúa með sitt sveitarfélag. Grafið hér fyrir neðan sýnir hlutfall svarenda innan hvers sveitarfélags sem mátu úrval verslunar og þjónustu sem frekar eða mjög slæmt.



Rannsóknarsvæðið einkennist af löngum vegalengdum á milli bæja. Í tilfelli Skaftárhrepps er íbúafjöldi ekki nægur til að halda uppi stórra matvöruverslun og þegar Covid-19 heimsfaraldurinn setti hlé á ferðaþjónustu, lokaði eina matvöruverslun sveitarfélagsins. Þar afleiðandi varð lengsta vegalengd á milli tveggja matvöruverslana einir 277 kílómetrar. Þetta sýnir að vöru- og þjónustuúrval er viðkvæmt á svæðinu og reiðir sig að miklu leyti á ferðaþjónustu.




Myndin hér fyrir framan sýnir vegalengdina á milli þéttbýlisstaða þeirra fjögurra sveitarfélaga sem hér eru tekin til rannsóknar. Bæirnir hafa allir heilsugæslu, bensínstöð, bókasafn, íþróttamiðstöð, sundlaug, vínbúð og að minnsta kosti eitt kaffihús. Hins vegar býr Kirkjubæjarklaustur ekki yfir stórra matvöruverslun, og hinir þrír bæirnir hafa aðeins eina matvöruverslun hver. Viðtölin vörpuðu ljósi á nokkra óánægju með takmarkað vöruúrval, hátt vöruverð og skort á valmöguleikum á milli verslana. Það er ljóst að lág íbúatala og langar vegalengdir eru hindrun í framþróun landsvæðisins.


Fjölbreytni atvinnulífs

Fjölbreytni atvinnulífs hlaut meðaleinkunnina 2,7 í gæðum og 4,5 í mikilvægi. Það kom lítið á óvart að nærri 50% svarenda starfa í ferðaþjónustu. Næstalgengasti atvinnuflokkurinn var hjá hinu opinbera, eða 21% svarenda. Því miður var *atvinnuleysi* ekki tilgreint sem valmöguleiki í könnuninni. Þar sem könnunin fór fram í miðjum heimsfaraldri kann þetta að vera ástæðan fyrir þeim fjölda sem hakaði við valmöguleikann *annað*, án frekari skýringa.

Tourism, accommodation, catering, travel agencies, passenger transport, tour guiding, renting out to tourists, airports and bus stations	46,48%
The public sector; public administration, health service, state and municipal education	20,42%
Other (please specify)	14,79%
Industry	7,04%
Fishing industry, fishing and fish processing	4,23%
Culture, arts and creative industries	2,82%
Specialised, scientific and technical operations	2,11%
Agriculture and forestry	1,41%
Property management, finance and insurance, real estate and renting	0,70%
Fish farming (pisciculture)	0,00%
Utilities; water and sewage utilities, power utilities etc.	0,00%
Building operations, civil engineering structures and mines	0,00%
Information and distance communication	0,00%



Eins og fram kom frammar í þessari skýrslu búa sveitarfélögin fjögur yfir rúmlega 40% allra starfa í ferðapjónustu á Suðurlandi og um 50% starfa í ferðapjónustu eru unnin af erlendum íbúum. Yfir 50% vinnandi fólks í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi starfar í ferðapjónustu (Hrafn Sævaldsson, 2020).



(Hrafn Sævaldsson, 2020, bls.18)

Þann lærdóm má draga af viðtölum rannsóknarinnar að einhæft atvinnulíf orsakast að einhverju leyti af húsnæðisskortri, þar sem margir starfsmenn reiða sig á íbúðarhúsnæði í eigu helstu atvinnurekenda. Að standa í eigin atvinnurekstri eða starfa fyrir atvinnurekendur sem ekki bjóða upp á húsnæðishlunnindi er ekki möguleiki nema viðkomandi geti keypt eða leigt sér húsnæði á eigin vegum. Aðspurð um atvinnuferil

sinn, sögðust flestir viðmælendur vera ánægðir í núverandi stöðu. Hins vegar sögðust margir vilja útvíkka atvinnuferil sinn í nánustu framtíð eða nýta menntun sína betur í starfi.

Framfærslukostnaður

Gæði búsetupáttarins *Framfærslukostnaður* hlaut meðaleinkunnina 2,9 í báðum könnunum. Hins vegar mátu okkar svarendur þennan þátt sem töluvert mikilvægari (4,6) en heildarsvörun í Íbúakönnun landshlutanna 2020 sýndi (4,1). Framfærslukostnaður kom ítrekað upp í viðtölum sem neikvæður þáttur. Húsnæðisverð og takmarkað úrval verslana voru nefnd sem þyngstu útgjaldaliðir og kom framfærslukostnaður mörgum viðmælendum illa á óvart við flutning til svæðisins.

Möguleikar á eigin atvinnurekstri

Möguleikar á eigin atvinnurekstri hlaut meðaleinkunnina 2,96 í gæðum, sem er nokkru lægra en meðaltal í heildarsvörun Íbúakönnunar landshlutanna 2020. Það sem vekur athygli er að okkar svarendur mátu þennan þátt sem mun mikilvægari (4,2) en heildarsvörun Íbúakönnunar landshlutanna sýndi (3,6).

Yfir helmingur viðmælenda hafði velt fyrir sér eigin atvinnurekstri en margir voru óvissir um hvernig skyldi bera sig að í þeim efnum. Skoðanir og upplifanir viðmælenda á þessum þætti voru ólíkar, allt frá mjög neikvæðum til mjög jákvæðra athugasemda eins og sjá má á sumum svaranna:

„Ég vissi ekki hvernig ég átti að stofna fyrirtæki. Núna hef ég lært allt um það, þökk sé fólkinu á skrifstofu sveitarfélagsins og fulltrúa innflytjendamála.”

„Ég kannaði möguleika á eigin atvinnurekstri en sveitarfélagið sýndi mér alls ekki stuðning.”

„Ég þekki ekki íslensk lög, skatta og ferla, svo ég er hikandi við að fara út í eigin atvinnurekstur. Kannski geri ég það í framtíðinni.”

„Ég veit ekki hvernig ég á að hefja eigin atvinnurekstur en ég veit hvar ég finn upplýsingar um það.”

Eins og rætt hefur verið í þessum kafla er íbúðarhúsnæði að stórum hluta í eigu atvinnurekenda og þar af leiðandi reiða margir sig á núverandi starf til að hafa yfir sig þak. Að skipta um starf eða hefja eigin atvinnurekstur er því oft bundið við húsnæðismöguleika viðkomandi. Það er vert að kanna hvernig bæta má möguleika á eigin atvinnurekstri innflytjenda samhliða leit að lausnum við húsnæðisvanda svæðisins.

Skipulagsmál

Skipulagsmál eru víðtækur búsetupáttur sem nær yfir innviði, þjónustu, löggjöf og stefnumál. Þátturinn hlaut sambærilega einkunn og í Íbúakönnun landshlutanna 2020 var metinn sem mikilvægur þáttur og var að meðaltali metinn sem hvorki góður né slæmur að gæðum.

Viðtölin veittu betri skilning á hvaða þættir skipulagsmála eru mikilvægastir innflytjendum á svæðinu. Á meðan staða húsnæðismála var metin sem vandamál af langflestum viðmælendum var sýn þeirra á önnur skipulagsmál mjög fjölbreytt. Öryggi, nálægð við fjölbreytta náttúru og innviðir til útivistar voru oft nefndir sem jákvæðir þættir í tengslum við skipulagsmál. Hins vegar voru langar vegalengdir að þjónustu og menningartengdri afþreyingu nefndir sem neikvæðir þættir af viðmælendum í öllum fjórum sveitarfélögum.

Tillögur til sveitarfélaga

Þessi kafli dregur saman helstu ábendingar og tillögur þeirra sem svöruðu könnuninni eða veittu viðtal. Tillögurnar geta leiðbeint við áætlanagerð og stefnumótun en þær sýna einnig hversu flókinn málaflokkurinn er. Það sem helst má læra af þessum kafla er mikilvægi þess að virkja innflytjendur og nýbúa markvisst í stefnumótunarvinnu og svæðisbundnum stjórnámálum.

Almennar umbætur

Aukið aðgengi að leiguhúsnaði eða auðveldið húsnaðiseigendum að leigja út hluta húsnaðis síns. Auglýsið húsnaði á vefsíðu sveitarfélagsins til að greiða aðgengi þeirra sem ekki hafa öflugar tengingar inn í samfélagið.

Útbúið leiðbeiningar fyrir fólk sem vill kaupa eða byggja hús. Upplýsingar um öll nauðsynleg skref mætti hafa aðgengilegar á vefsíðu sveitarfélagsins ásamt auglýsingum um þær fasteignir sem eru til sölu í sveitarfélaginu hverju sinni.

Aukið gæði íslenskunámskeiða og kynnið þau betur. Allt að 75% námskeiðsgjalda íslenskunámskeiða geta verið niðurgreidd, sem er mikill kostur. Til þess að gera námskeiðin gagnlegri væri gott að ráða lærða tungumálakennara, bjóða upp á minni hópa eða einkatíma. Í sumum löndum er tungumálakennsla á vefformi vinsæl á meðal innflytjenda. Þetta getur verið góður kostur til að bjóða fjölbreyttari leiðir til að læra tungumálið. Viðmælendur kvörtuðu sumir undan litlum gæðum þeirra íslenskunámskeiða sem hafa verið í boði. Samkvæmt okkar rannsókn upplifði meirihluti innflytjenda tungumálaerfiðleika við flutning til Íslands og þar af leiðandi ætti að setja í forgang að auka gæði og framboð íslenskukennslu.

Atvinna

Veitið stuðning þeim sem hafa hug á eigin atvinnurekstri. 65% viðmælenda segja núverandi starfsitt ekki samræmast menntun þeirra og greinilegt er að atvinnulíf er einhæft á svæðinu. Viðtölin sýna þörf á stuðningi og hvatningu til erlendra íbúa sem vilja nýta bakgrunn sinn til nýsköpunar og frumkvöðlastarfs. Önnur lausn er að skapa tækifæri fyrir erlenda íbúa með aukastörfum sem samræmast menntun þeirra og reynslu. Það gæti veitt aukið sjálfsöryggi og reynst mörgum stökkpallur út í frumkvöðlastarf, þar sem eigin atvinnurekstur er hluti af atvinnusýn margra innflytjenda.

Bjóðið upp á frumkvöðlanámskeið fyrir innflytjendur. Á slíkum námskeiðum mætti kenna grunnatriði í atvinnurekstri á Íslandi. Þó svo að flestir viðmælenda væru ánægðir með núverandi starf sitt, kvörtuðu margir undan einhæfu atvinnulífi og sögðust hafa hug á eigin atvinnurekstri. Þá voru sumir óvissir um fyrstu skrefin í nýsköpun og frumkvöðlastarfi á Íslandi.

Kynnið Uppbyggingarsjóð Suðurlands og ráðgjafabjónustu Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og veitið verkefnum nýbúa tengdum menningu, nýsköpun og atvinnuþróun hvatningu.

Deilið svæðisbundnum atvinnutilboðum á vefsíðu sveitarfélagsins. Viðmælendur stungu upp á að öll laus störf í sveitarfélaginu væru auglýst á einum stað, þar á meðal störf í einkageiranum.

Fjölskyldur og samfélag

Kynnið félagastarfsemi markvisst og hvetjið erlenda íbúa til þátttöku. Vefkönnunin sýndi að tveir þriðju svarenda sögðu þátttöku í áhugafélögum, íþróttafélögum, viðburðum, góðgerðasamtökum o.þ.h. frekar eða mjög mikilvæga fyrir áframhaldandi búsetu þeirra í sveitarfélaginu. Aukin samfélagsþátttaka er því öflug leið til að styðja við byggðafestu erlendra íbúa.

Aukið fjölbreytni afþreyingar. 25% svarenda upplifa fjölbreytni afþreyingar sem mjög slæma og 31% sem frekar slæma. Viðmælendur sem sjá ekki fram á langtímabúsetu á svæðinu kvarta undan skorti á afþreyingu og þjónustu. Aukin þjónusta og viðburðir fyrir fjölskyldur gæti því verið skref í átt að aukinni byggðafesti og lægri íbúaveltu.

Erlendir íbúar vilja taka þátt í fleiri

- fjölskylduviðburðum,
- íþróttaviðburðum fyrir börn,
- menningarviðburðum,
- námskeiðum og afþreyingu fyrir börn.

Þá óska þau einnig eftir aukinni fjölskyldutengdri þjónustu á sínu svæði.

Bætið innviði fyrir fjölskyldur. Viðtölin benda til þarfar á fjölbreyttari almenningsgörðum og leikvöllum ásamt innanhúss afþreyingarmöguleikum fyrir fjölskyldur. Mýrdalshreppur hefur til dæmis boðið upp á opna daga í íþróttahöllinni fyrir fjölskyldur, endurgjaldslaut. Þetta er einföld og vinsæl lausn sem mætti laga að íþróttahöllum og félagsheimilum í eigu sveitarfélaganna.

Aukið afkastagetu leikskólanna þar sem vöntun er á plássi. Sumir íbúar eru óvissir um áframhaldandi búsetu í sínu sveitarfélagi vegna skorts á leikskólaþlássi.

Skipuleggið viðburði sem byggja á þátttöku íbúa. Þar sem margir innflytjendur upplifðu fordóma (36%), einangrun (25%) og vandamál tengd menningarmismun (24%), er vöntun á viðburðum eða skipulagðri starfsemi sem eflir samþættingu erlendra og innlendra íbúa. Greinileg þörf er á umbótum í þessum efnum þar sem 59% svarenda höfðu upplifað erfiðleika við að tengjast samfélaginu.

Bætið almenningssamgöngur. Það er rými til umbóta í þessum málaflokki (24% segja almenningssamgöngur mjög slæmar og 33% frekar slæmar). Viðmælendur lögðu til að tímatöflum strætisvagna yrði breytt til að auðvelda ferðalög til og frá höfuðborgarsvæðinu innan sama dags. Það er mikilvægt að hafa kost á að komast til höfuðborgarsvæðisins fyrir lokunartíma opinberra stofnana og snúa heim samdægurs. Þá þykir erlendum íbúum almenningssamgöngur einnig afar kostnaðarsamar.

Kynnið fjarnámsmöguleika betur í samfélaginu. Svarendur upplifðu tækifæri til menntunar á framhaldsskóla- og háskólastigi léleg (um það bil helmingur svarenda mátu möguleika á slíkri menntun sem frekar- eða mjög slæma).

Upplýsingar og samskipti

Komið gagnlegum upplýsingum til innflytjenda betur á framfæri á vefsíðu sveitarfélagsins. Það er vöntun á enskri útgáfu sveitarfélagavefsíðanna (www.vik.is; www.klaustur.is; www.hornafjordur.is og www.hvolsvollur.is eru eingöngu á íslensku, eða að takmörkuðu leyti á öðrum tungumálum). Viðmælendur óskuðu t.a.m. eftir að eftirfarandi upplýsingar kæmu fram á vefsíðu síns sveitarfélags:

- a) Fyrstu skrefin við flutning til landsins,
- b) laus störf á svæðinu,
- c) íbúðarhúsnæði og lóðir til leigu og sölu,
- d) upplýsingar um stofnun og rekstur fyrirtækja á Íslandi,
- e) listi yfir helstu stofnanir á Íslandi, þjónustu þeirra og ábyrgðarsvið.

Þar sem flestir innflytjendur á svæðinu höfðu þegar verið ráðnir í starf á Íslandi við flutning til landsins, ættu sveitarfélögin að hafa upplýsingar á sínum vefsíðum um þau skref sem þarf að fylgja við skráningu inn í landið. Enn fremur er mikilvægt að upplýsingar um réttindi starfsfólks séu skýrar og auðfundnar.

Meirihluti svarenda og viðmælenda í þessari rannsókn taldi vefsíðu síns sveitarfélags ekki gagnlega. Samt sem áður voru flestir á því að vefsvæði væru besta leiðin fyrir sveitarfélög til að koma upplýsingum á framfæri. Vefsíðurnar þarf að þróa svo þær reynist nýbúum og erlendum íbúum betur. Einnig sögðust margir nota samfélagsmiðla og því er góður kostur að tengja vefsíður sveitarfélaganna við samfélagsmiðla til að ná til breiðari hóps.

Fyrirmyndarvefsíða sveitarfélags

Taflan hér fyrir neðan sýnir þær upplýsingar sem viðmælendur og svarendur rannsóknarinnar meta sem mikilvægar og gagnlegar. Einnig var sóttur innblástur af fjölmenningarsíðu sveitarfélagsins Árborgar sem fór í loftið á meðan á þessari rannsókn stóð (fjolmenning.arborg.is).

OUR MUNICIPALITY >	OFFICES >	EMPLOYMENT >	EDUCATION >	HEALTH >
First steps - information booklet	New in Iceland	All job offers in the municipality	Useful information for parents and teachers	Health Center
Event calendar	MCC.is	The Directorate of Labour	Preschool	Hospitals
Activities for kids	District commissioner	Unemployment benefits	Primary school	Dental care
Activities for adults	Police	Maternity/paternity leave	Music school	Vaccinations
Housing offers (for sale and rent)	Registers Iceland	Employee rights	Upp. secondary school	Health insurance
How to buy/build a house	Ísland.is	Trade unions	Universities	COVID-19
Library	Íslykill.is	How to register and run self-employment/company	Recognition of foreign qualifications	
Swimming pool	Translation services	Apply for grants	Multilingualism	
Public transport		Pension fund	Learn Icelandic	
Taxes and tax return				
Your rights				
Child benefits				
Housing benefits				

Útbúið bækling með upplýsingum fyrir nýbúa. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að fáir innflytjendur á svæðinu höfðu komið til Íslands sem ferðamenn áður en þau fluttu til landsins. Þá höfðu fáir viðmælenda okkar flutt á milli staða innan Íslands. Það segir okkur að sveitarfélögin spila stórt hlutverk í upplýsingagjöf til nýrra erlendra íbúa um reglur, réttindi og ferla strax við komu til landsins.

Vinnið með newiniceland.is til að koma upplýsingum á framfæri til nýbúa.

Vinnið með Fjölmenningssetri (www.mcc.is) til að koma upplýsingum á framfæri til nýbúa. Sambærilegar stofnanir spila lykilhlutverk í stuðningi við innflytjendur í nágrannalöndunum.

Tilgreinið fjölmenningsfulltrúa fyrir sveitarfélagið. Það er skýr þörf á slíkum starfsmanni, sérstaklega í Mýrdalshreppi þar sem tæpur helmingur íbúa er innflytjendur. Hlutverk fjölmenningsfulltrúa gæti til dæmis verið:

- Að bjóða erlendum íbúum einstaklingsviðtöl,
- leiðbeina um stjórnsýslu og regluverk,
- þróa upplýsingabækling fyrir nýbúa,
- leita leiða til að bæta íslenskukennslu,
- aðstoða erlenda íbúa við að finna leiðir til að nýta menntun sína og reynslu í starfi, til gagns fyrir sig og samfélagið. Í flestum tilfellum samræmast störf erlendra íbúa ekki menntun þeirra, sökum einhæfs atvinnulífs á svæðinu.

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur tekið þetta skref og þjónustan er hátt metin af erlendum íbúum þar. Fjölmenningsfulltrúi aðstoðar innflytjendur í upplýsingaleit, við lausn ýmissa mála og við samþættingu inn í samfélagið.

Samantekt

Það er margt sem sveitarfélögin geta gert til að laða að nýja íbúa, taka betur á móti nýbúum og styðja betur við íbúa sem vilja setjast að til langs tíma. Erlendir íbúar eru sá hópur íbúa sem vex hraðast og er núna 30% íbúa rannsóknarsvæðisins. Með mótun móttökuáætla skuldbinda sveitarfélögin sig til að taka ábyrgð á samþættingu erlendra íbúa í samfélagið. Á meðan erlendir og innlendir íbúar sjá sum málefni sömu augum, er ljóst að innflytjendur takast á við ýmsar áskoranir sem innfæddir upplifa síður. Þess vegna er nauðsynlegt að móttökuáætlanir nýbúa séu þróaðar og þeim viðhaldið í stöðugu samstarfi við erlenda íbúa hvers sveitarfélags. Margir innflytjendur eru ýmist að velta fyrir sér - eða hafa nú þegar ákveðið - að setjast að á svæðinu til framtíðar. Að tengjast innflytjendum, kalla eftir þeirra áliti og bregðast við skoðunum þeirra er því gífurlega mikilvægt skref í átt að lægri íbúaveltu og eflingu lýðfræðilegrar þróunar.

Heimildir

Byggðastofnun. (2019). *Byggðafesta og búferlaflutningar, bæir og þorp á Íslandi vorið 2019*. Retrieved January 12, 2021, from https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/byggdafesta/byggdafesta_34bls_2019_net.pdf.

Byggðastofnun. (2021). *Íbúar sveitarfélaga, 2020*. Retrieved February 8, 2021, from <https://byggdastofnun.data.is/account/public-report?id=b36b8664-016c-4ce5-ab26-b164cd2ce29c>.

Byggðastofnun. (2021). *Lýðfræðilegir veikleikar*. Retrieved May 15, 2021, from <https://byggdastofnun.data.is/account/public-report?id=b36b8664-016c-4ce5-ab26-b164cd2ce29c>.

Byggðastofnun. (2021). *Íbúafjöldi í ársbyrjun 2021*. Retrieved May 15, 2021, from <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/maelabord/ibuafjoldi-1-januar>.

Hrafn Sævaldsson. (2020). *Hagtölur um atvinnulíf á Suðurlandi með sérstaka áherslu á ferðapjónustu* (Rep.). Retrieved February 8, 2021, from Samtök sunnlenskra sveitarfélaga website: <https://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2020/08/201022.-Hagt%C3%B6lur-um-atvinnul%C3%ADf-%C3%A1-Su%C3%B0urlandi-me%C3%B0-s%C3%A9rstaka-%C3%A1herslu-%C3%A1-fer%C3%B0a%C3%BEj%C3%B3nustu.pdf>.

Liisa Perjo, & Lisa Hörnström. (2015). *Nordic ways of dealing with depopulation and ageing in rural and peripheral areas*. Nordregio Policy Brief 2015:8. Retrieved February 8, 2021, from <https://nordregio.org/publications/nordic-ways-of-dealing-with-depopulation-and-ageing-in-rural-and-peripheral-areas/>.

Nordregio. (2019). *Nordic demographic vulnerability index*. Retrieved February 8, 2021, from <https://nordregio.org/maps/nordic-demographic-vulnerability-index-2019/>.

René Houle, & Grant Schellenberg. (2010). New Immigrants' Assessments of Their Life in Canada. *Analytical Studies Branch Research Paper Series*, 322. https://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract_id=2039119.

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2021). *Flatarmál sveitarfélaga*. Retrieved May 15 2021 from <https://www.samband.is/sveitarfelogin/sudurland/>.

Vífill Karlsson., & Helga María Pétursdóttir. (2021). *Íbúakönnun landshlutanna 2020: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða* (Rep.). Retrieved February 23, 2021, from Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi website: <http://ssv.is/wp-content/uploads/2021/02/Ibuakonnun-landshlutanna-2020-nidurstodur.pdf>